

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun í geðheilbrigðismálum 2023-2027.

Mál nr. 857

Undirr vísar í fyrri umsögn undirr., dags. 19.1.2023 um tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun í geðheilbrigðismálum 2023 –2027. Í þeirri umsögn kom fram að:

Í stefnu Alþjóðaheilbrigðisstofnunar (WHO) í geðheilbrigðismálum 2021-2025 kemur fram að leggja skuli áherslu á greitt aðgengi að gagnreyndum meðferðarúrræðum við geðheilbrigðisvanda hjá notendum í nærumhverfi þeirra og fjallað sérstaklega um mikilvægi þess að tryggja aðgengi að gagnreyndri meðferð í fyrstu línu þjónustu (heilsugæslustöðvum) með því að auka fjármagn til þeirrar þjónustu og tryggja viðeigandi og sérhæfða mönnun á heilbrigðisstofnunum.

Framtíðarsýnin sem núverandi tillaga um aðgerðaráætlun geðheilbrigðismálum á Íslandi til 2023-2027 byggir á er: að geðheilsa Íslendinga verði bætt með því að tryggja aðgengi að skilvirkri og notendamiðaðri geðheilbrigðisþjónustu byggð á bestu viðurkenndu þekkingu og nýsköpun. Markmiðið er að ná þeirri sýn með því að veita heilðræna geðheilbrigðisþjónustu sem er samþætt og byggð á bestu mögulegu gagnreyndu meðferð, hæfingu og endurhæfingu – veitt af hæfu starfsfólki á viðeigandi þjónustustigum.

Það hlýtur að fela í sér að tryggja viðeigandi þjónustu á öllum stigum heilbrigðiskerfisins en það sem vantar í þessa aðgerðaáætlun eru fyrrnefnd áhersluatriði WHO í fyrstu línuna, heilsugæsluna:

- *aðgerð sem tryggir jafnt og greitt aðgengi notenda að gagnreyndri meðferð við algengum geðheilbrigðisvanda í fyrstu línu: nærumhverfi þeirra, á heilsugæslustöðvunum, óháð aldri, fjárhagsstöðu og búsetu.*

Ég fagna því nýrri aðgerð nr.4.A.3. sem nú hefur verið bætt við í aðgerðaráætlun.

Geðheilbrigðisþjónusta í fyrstu línu er mjög mikilvægur hlekkur í geðheilbrigðiskerfinu en gæði og árangur þeirrar þjónustu hefur áhrif á aðra hluta geðheilbrigðisþjónustunnar, líðan Íslendinga og kostnað við heilbrigðis- og félagskerfið.

4.A.3. Að efla nærþjónustu og fyrsta stigs heilbrigðisþjónustu vegna vægs til miðlungsalvarlegs geðræns vanda jafnt barna sem fullorðinna.

Tilgangur: Að notendum standi til boða þrepaskipt, viðeigandi, tímanleg, gagnreynd meðferð, t.d. samtalsmeðferð í fyrsta stigs þjónustu.

Ábyrgð: Heilsugæslur og Þróunarmiðstöð Íslenskrar heilsugæslu.

Samstarf: Heilbrigðisráðuneytið, mennta- og barnamálaráðuneyti, háskólar, Geðheilsumiðstöð barna.

Samfélagsáhrif: Bætt geðheilbrigði.

Undirr. vill koma á framfæri áhyggjum af því að þessi aðgerð sé of óljós en í fyrri áætlun snérist aðgerð um geðheilbrigðisþjónustu í heilsugæslu um að tryggja sálfræðimeðferð við algengasta geðræna vandanum: Vægum einkennum kvíðaraskana, þunglyndis og áfallastreituröskun.

Ekki hefur verið lokið við þá aðgerð en til þess að geta sinnt því á viðeigandi hátt þarf um 2 stöðugildi meðferðaraðila með sérhæfða færni í að veita sálfræðimeðferð við þeim vanda á hverja 6250 íbúa mv. núverandi klínískar leiðbeiningar. Núna eru stöðugildi í sálfræðiþjónustu á heilsugæslustöðvum um helmingi of fá og biðlistar langir.

Í skýrslu ríkisendurskoðunar um geðheilbrigðisþjónustu 2022 kom fram að aukin sálfræðiþjónusta á heilsugæslustöðvum hafi stórbætt þjónustu en að bið eftir þjónustu sé almennt of löng og ekki í samræmi við markmið stjórnvalda eða sjónarmið um gagnreynda meðferð. Þar kemur fram að sú aðgerð hafi verið hafin en ekki lokið við hana.

Undir telur að æskilegra hefði verið að byrja á að ljúka við fyrri aðgerð sem var skýrari og þar sem

- liggur fyrir kostnaðarmat heilsuhagfræðings á mönnunarpörf til að sinna mati og meðferð við kvíðaröskunum, áfallastreituröskun og þunglyndi,
- til eru skýrar leiðbeiningar um þær sértæku meðferðir sem skal veita samkvæmt klínískum leiðbeiningum og
- til er áhrifaríkt módel þrepaskiptrar sálfræðiþjónustu í heilsugæslu sem er árangursrík fyrir notandann, samfélagið og fjárhagslega hagkvæmt fyrir félags- og heilbrigðiskerfið.

Ef aðgerðin er of óljós er hætt við því að erfiðara verði að byggja upp þjónustuna og meta árangur aðgerðarinnar en í ljósi langra biðlista og langs biðtíma í núverandi þjónustu bæði hjá börnum og fullorðnum er brýnt að tryggja að núverandi þjónusta verði fullmönnuð áður en bætt er við hana.

Aðgerðin er því mjög mikilvæg en mætti vera skýrari til þess að auka líkur á árangri.

Liv Anna Gunnell,

Fagstjóri sálfræðiþjónustu Þróunarmiðstöðvar íslenskrar heilsugæslu